

Sigurlaug Erlendsdóttir (1878–1966)



Sigurlaug fæddist að Brekku í Þingi í Húnavatnssýslu 29. júlí 1878. Foreldrar hennar voru Guðrún Sigurlaug Jóhannesdóttir (1854–1921) og Erlendur Gíslason.¹ Hún átti bróður Jóhannes (1883–1969) sem dvaldi síðar hjá henni á Torfastöðum.

Sigurlaug stundaði nám við Kvennaskóla Reykjavíkur og lauk námi með ágætum 1902. Lærir einnig á orgel, teiknun, útskurð og saum um þetta leyti. Kennði við Kvennaskólann að loknu námi þar í þrjá vetur.² Sigurlaug var mikill listunnandi og átti í samskiptum við mörg helstu skáld þjóðarinnar síðar um ævina³ og leiðbeindi líka ungu fólki í söng og leik.⁴ Hún þótti gáfuð og fjölhæf, vera hógvær og hafa tiginlega framkomu. Hún hafði stórt hjarta og sýndi mikla hlýju þótt framkoma hennar þætti einstaka sinnum hrjúf.⁵

Giftist sr. Eiríki Þ(orbjargarsyni) Stefánssyni (1878–1966) 2. júní 1906 stuttu áður en hann vígdist til prests.⁶ Þau eignuðust börnin Þórarinn Stefán (1908–1926) sem dó ungur úr berklum og Þorbjörgu (1913–2004). Þau tóku einnig þrjá fóstursyni: Gunnar Hansson Stephensen (1931–2008), Kristinn Jónsson (1903–1924) frá Laug og Karl Jónsson Eiríks (1920–1990).⁷

Fluttist með manni sínum til Torfastaða þegar hann vígðist til Torfastaðaprestakalls 1906. Þótti sumum Biskupstungnamanna hún vera helst til ung og óreynd í upphafi⁸ en Sigurlaug tók mikinn þátt í störfum manns síns. Var organisti alla tíð við Torfastaðakirkju⁹ ásamt bróður sínum Jóhannesi¹⁰ og fylgdi oft sr. Eiríki þegar tilkynna þurfti harmafregn.¹¹

Glaðværð ríkti á heimilinu á Torfastöðum. Þegar heimilisfólkið kom saman áður en kvöldverkin hófust og minnst var að gera spilaði Sigurlaug gjarnan á orgelið eða á gítar og söng. Hafði hún milda og mjúka söngródd. Hjónin áttu gott bókasafn, lánuðu þau bækur og Sigurlaug las gjarnan á vetrarkvöldum fyrir heimilisfólkið á meðan það sat við vinnu. Sigurlaug skreytti heimilið mikið með blómum yfir sumartímamann og vann stundum sjálf í

garðinum við húsið og í kirkjugarðinum þar sem leiðin voru skreytt blómum og trjáplöntum.¹²

Ráku hjónin þar gestkvæmt myndarbýli sem annálað var fyrir rausnar- og myndarskap¹³ samhliða prestsþjónustunni og höfðu reyndar sumir orð á að sr. Eiríkur væri meiri bóndi en prestur.¹⁴ Hjónunum hélst vel á vinnufólki og var lengi mannmargt heimili á Torfastöðum. Var Vigdís Halldórsdóttir (1879–1959) frá Hrosshaga t.a.m. lengi starfandi hjá hjónunum.¹⁵ Dvöldu börn og gamalmenni þar líka langdvölum.¹⁶ Verkaskipting innan heimilisins var nokkuð skýr og vinnukonur sáu um heimilisverkin. Símsstöð var á bænum og var Jóhannes bróðir Sigurlaugar símsstöðvarstjóri.¹⁷ Rjórabú var rekið við Torfastaðakotslæk og gistu bússtýrurnar oftast á Torfastöðum.¹⁸ Hjónin urðu fyrir tilfinnanlegu tjóni 25. mars 1945 þegar íbúðarhús, fjós og hlaða brunnu til kaldra kola. Mannbjörg varð en búpeningurinn allur féll, 10 nautgripir og sauðfénaður, og nær allt innbú eyðilagðist.¹⁹

Sigurlaug gekk í Ungmennafélag Biskupstungna fljótlega eftir stofnun þess og sat í stjórn þess til fjölda ára. Sigurlaug beitti sér mjög fyrir söng- og leiklist innan félagsins.²⁰ Hún tók ekki mikinn þátt í umræðum á fundum félagsins en las oft upp bæði bundið og óbundið mál. Hún þótti lesa frekar lágt upp en hafði næmni og skilning til þess að framburðurinn gerði efninu sem best skil. Hreif hún oft fólk með efnisvali sínu og flutningi.²¹

Hún hvarf frá ungmennafélaginu og stofnaði Kvenfélag Biskupstungna 1928 og var formaður þess allt þar til hún fluttist á brott úr sveitinni. Var hún sómuleiðis í stjórn Kvenfélagasambands Suðurlands frá stofnun þess 1928 auk þess að vera í skólanefnd Húsmæðraskólans á Laugarvatni. Til viðbótar þessum störfum sat hún í fræðslunefnd barnaskólans í Reykholti.²²

Hjónin fluttu frá Torfastöðum 1955 eftir að hafa verið haldið veglegt kveðjusamsæti í samkomuhúsinu í Haukadal 23. október. Settust þau að hjá dóttur sinnar og Ásgrími Jónssyni (1917–1986) garðyrkjumanni eiginmanni hennar í húsinu Rein á Laugarvatni.²³ Þau héldu áfram miklum tengslum við Tungurnar og buðu t.a.m. ávallt nemendum þaðan sem stunduðu nám við Héraðsskólann á Laugarvatni í heimsókn til sín.²⁴ Sigurlaug lést 19. desember 1966 rétt um fjórum mánuðum á eftir manni sínum og var jarðsöngin 30. desember í kirkjugarðinum á Torfastöðum.

Heimildir:

Ljósmynd af Sigurlaugu Erlendsdóttur (Héraðsskjalasafn Árnesinga Ma 97:1250, Sigríður Zoëga)

-*Héraðsskjalasafn Árnesinga*. Jóhannes Erlendsson. Dagbækur.

Guðríður Þórarinsdóttir. „Prestshjónin á Torfastöðum 1906–1955. Frú Sigurlaug Erlendsdóttir á Torfastöðum“. *Inn til fjalla. Rit Félags Biskupstungnamanna í Reykjavík* III. Ritstj. [Guðríður Þórarinsdóttir]. Reykjavík, 1966. Bls. 40-43.

Gústaf Sæland. Samtal, 13. apríl 2008.

Halldór Þórðarson. Viðtal, 12. september 2007.

Hulda Sæland Gústavsdóttir. Samtal.

Jensína Halldórsdóttir. „Sigurlaug Erlendsdóttir, Torfastöðum. Kveðja.“ *Morgunblaðið*, 31. desember 1966. 53:300. Bls. 16.

Jóhannes Nordal. „Sigurlaug Erlendsdóttir á Torfastöðum. Minning.“ *Morgunblaðið*, 30. desember 1966. 53:299. Bls. 3.

Ólafur Þ. Kristjánsson. *Kennaratal á Íslandi*. II. Reykjavík, 1965.

- Páll Sigurðsson. *Úr fórum Fljótamanns. Minningar, þættir og þjóðlegur fróðleikur eftir Pál Sigurðsson frá Lundi. Gefið út í tilefni 100 ára fæðingarafræðis Páls 3. júní 1904.* Ritstj. Hjalti Pálsson sá um útgáfuna. *Skagfirsk fræði*. Sauðárkrókur, 2004.
- „Prestssetrið Torfastaðir í Biskupstungum brennur til kaldra kola. 10 nautgripir farast.“. *Morgunblaðið*, 27. mars 1945. 32:72. Bls. 2.
- „Prófasthjónin á Torfastöðum kveðja.“. *Morgunblaðið*, 1. nóvember 1955. 42:249. Bls. 16.
- Sigurjón Kristinsson. „Rjómabúið við Torfastaðakotslæk.“ *Litli Bergþór. Málagn Ungmennafélags Biskupstungna*. 12: 2. (1991). Bls. 8-12.
- Þorsteinn Þorsteinsson. „Manntal í Biskupstungum 1. desember 1950“. *Inn til fjalla. Rit Félags Biskupstungnamanna í Reykjavík III*. Ritstj. [Guðríður Þórarinsdóttir]. Reykjavík, 1966. Bls. 155-69.

- ¹ Guðríður Þórarinsdóttir. „Prestshjónin á Torfastöðum 1906–1955. Frú Sigurlaug Erlendsdóttir á Torfastöðum.“ *Inn til fjalla. Rit Félags Biskupstungnamanna í Reykjavík* III. Ritstj. [Guðríður Þórarinsdóttir]. Reykjavík, 1966. Bls. 40 í 40-43.
- ² Sama heimild; Ólafur Þ. Kristjánsson. *Kennaratal á Íslandi*, II. Reykjavík, 1965. Bls. 157.
- ³ Jensína Halldórsdóttir. „Sigurlaug Erlendsdóttir, Torfastöðum. Kveðja“. *Morgunblaðið*, 31. desember 1966. Bls. 16.
- ⁴ Guðríður Þórarinsdóttir. „Prestshjónin á Torfastöðum 1906–1955. Frú Sigurlaug Erlendsdóttir á Torfastöðum.“ *Inn til fjalla. Rit Félags Biskupstungnamanna í Reykjavík* III. Ritstj. [Guðríður Þórarinsdóttir]. Reykjavík, 1966. Bls. 42 í 40-43.
- ⁵ Sama heimild. Bls. 40; Jensína Halldórsdóttir. „Sigurlaug Erlendsdóttir, Torfastöðum. Kveðja“. *Morgunblaðið*, 31. desember 1966. Bls. 16.
- ⁶
- ⁷ Guðríður Þórarinsdóttir. „Prestshjónin á Torfastöðum 1906–1955. Frú Sigurlaug Erlendsdóttir á Torfastöðum.“ *Inn til fjalla. Rit Félags Biskupstungnamanna í Reykjavík* III. Ritstj. [Guðríður Þórarinsdóttir]. Reykjavík, 1966. Bls. 41-42 í 40-43; Halldór Þórðarson. Viðtal, 12. september 2007; Ólafur Þ. Kristjánsson. *Kennaratal á Íslandi*, II. Reykjavík, 1965. Bls. 157; Þorsteinn Þorsteinsson. „Manntal í Biskupstungum 1. desember 1950.“ *Inn til fjalla. Rit Félags Biskupstungnamanna í Reykjavík* III. Ritstj. [Guðríður Þórarinsdóttir]. Reykjavík, 1966. Bls. 165 í 155-69.
- ⁸ Jensína Halldórsdóttir. „Sigurlaug Erlendsdóttir, Torfastöðum. Kveðja“. *Morgunblaðið*, 31. desember 1966. Bls. 16.
- ⁹ Ólafur Þ. Kristjánsson. *Kennaratal á Íslandi*, II. Reykjavík, 1965. Bls. 157.
- ¹⁰ Hulda Sæland Gústavsdóttir, samtal við höfund.
- ¹¹ Guðríður Þórarinsdóttir. „Prestshjónin á Torfastöðum 1906–1955. Frú Sigurlaug Erlendsdóttir á Torfastöðum.“ *Inn til fjalla. Rit Félags Biskupstungnamanna í Reykjavík* III. Ritstj. [Guðríður Þórarinsdóttir]. Reykjavík, 1966. Bls. 40 í 40-43.
- ¹² Sama heimild. Bls. 42; Jensína Halldórsdóttir. „Sigurlaug Erlendsdóttir, Torfastöðum. Kveðja“. *Morgunblaðið*, 31. desember 1966. Bls. 16.
- ¹³ Guðríður Þórarinsdóttir. „Prestshjónin á Torfastöðum 1906–1955. Frú Sigurlaug Erlendsdóttir á Torfastöðum.“ *Inn til fjalla. Rit Félags Biskupstungnamanna í Reykjavík* III. Ritstj. [Guðríður Þórarinsdóttir]. Reykjavík, 1966. Bls. 42 í 40-43; Jóhannes Nordal. „Sigurlaug Erlendsdóttir á Torfastöðum. Minning“. *Morgunblaðið*, 30. desember 1966. Bls. 3.
- ¹⁴ „Prestssetrið Torfastaðir í Biskupstungum brennur til kaldra kola. 10 nautgripir farast“. *Morgunblaðið*, 27. mars 1945. Bls. 2; Páll Sigurðsson. *Úr fótum Fljótamanns. Minningar, þættir og þjóðlegur fróðleikur eftir Pál Sigurðsson frá Lundi. Gefið út í tilefni 100 ára fæðingarafmælis Páls 3. júní 1904*. ritstj. Hjalti Pálsson sá um útgáfuna, *Skagfirsk fræði*. Sauðárkrúkur, 2004. Bls. 99.
- ¹⁵ Halldór Þórðarson. Viðtal, 12. september 2007.
- ¹⁶ Guðríður Þórarinsdóttir. „Prestshjónin á Torfastöðum 1906–1955. Frú Sigurlaug Erlendsdóttir á Torfastöðum.“ *Inn til fjalla. Rit Félags Biskupstungnamanna í Reykjavík* III. Ritstj. [Guðríður Þórarinsdóttir]. Reykjavík, 1966. í 40-43; Jensína Halldórsdóttir. „Sigurlaug Erlendsdóttir, Torfastöðum. Kveðja“. *Morgunblaðið*, 31. desember 1966. Bls. 41 í Bls. 16.
- ¹⁷ -*Héraðsskjalasafn Árnesinga*. Jóhannes Erlendsson. Dagbækur.
- ¹⁸ Sigurjón Kristinsson. „Rjómabúið við Torfastaðakotslæk“. *Litli Bergþór. Málagn Ungmennafélags Biskupstungna*. 12: 2. (1991). Bls. 12 í bls. 8-12.
- ¹⁹ „Prestssetrið Torfastaðir í Biskupstungum brennur til kaldra kola. 10 nautgripir farast“. *Morgunblaðið*, 27. mars 1945. Bls. 2; Halldór Þórðarson. Viðtal, 12. september 2007.
- ²⁰ Guðríður Þórarinsdóttir. „Prestshjónin á Torfastöðum 1906–1955. Frú Sigurlaug Erlendsdóttir á Torfastöðum.“ *Inn til fjalla. Rit Félags Biskupstungnamanna í Reykjavík* III. Ritstj. [Guðríður Þórarinsdóttir]. Reykjavík, 1966. í 40-43; Jensína Halldórsdóttir. „Sigurlaug Erlendsdóttir, Torfastöðum. Kveðja“. *Morgunblaðið*, 31. desember 1966. Bls. 16.
- ²¹ Guðríður Þórarinsdóttir. „Prestshjónin á Torfastöðum 1906–1955. Frú Sigurlaug Erlendsdóttir á Torfastöðum.“ *Inn til fjalla. Rit Félags Biskupstungnamanna í Reykjavík* III. Ritstj. [Guðríður Þórarinsdóttir]. Reykjavík, 1966. Bls. 40-41 í 40-43.
- ²² Sama heimild. Bls. 41; Ólafur Þ. Kristjánsson. *Kennaratal á Íslandi*, II. Reykjavík, 1965. Bls. 157.
- ²³ „Prófasthjónin á Torfastöðum kveðja“. *Morgunblaðið*, 1. nóvember 1955. Bls. 16; Jensína Halldórsdóttir. „Sigurlaug Erlendsdóttir, Torfastöðum. Kveðja“. *Morgunblaðið*, 31. desember 1966. Bls. 16.
- ²⁴ Gústaf Sæland. Samtal, 13. apríl 2008.